

8. gr.

Hitaveitugjöld skv. 5. og 7. gr. í gjaldskránni eru miðuð vð vísitölu byggingarkostnaðar 1. janúar 1983 (1482 stig). Hitaveitu Seyðisfjarðar er heimilt að hækka orkutaxta í 3. gr. skv. hækkun á rafhitunartaxta c. 1 í gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins frá 1. ágúst 1982. Allar taxa- og gjaldskrárbreytingar skulu hljóta staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

III. KAFLI

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda.

10. gr.

Hitaveita Seyðisfjarðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Seyðisfjarðar skal, hvenær sem er, frjálst aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við veitukerfi Hitaveitu Seyðisfjarðar. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til að koma í veg fyrir misnotkun heita vatnsins.

IV. KAFLI

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af Hitaveitu Seyðisfjarðar og sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. febrúar 1983 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 729 30. nóvember 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 28. febrúar 1983.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ**Hitaveitu Hafnarhrepps.**

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Hafnarhrepps selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveita Hafnarhrepps lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar. Einnig lætur hitaveitan í té heitt vatn til hitunar neysluvatns.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt Orkumæli fyrir hverja kílóvattstund. Jafnframt skal greiða samkvæmt vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns.

Hitaveitunni er einnig heimilt að selja heitt vatn samkvæmt vatnsmæli eingöngu.

Taxti I skal gilda fyrir annað en íbúðarhúsnæði.

Taxti II skal gilda fyrir íbúðarhúsnæði eingöngu.

	Taxti I. kr.	Taxti II. kr.
Fyrir hverja kWst	0,56	0,42
Fyrir hvern m ³ vatns	7,08	5,65
Fyrir vatnsm. eingöngu: hver m ³ vatns	36,90	35,00

Par til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar, áætla hitaveitan orkunotkun og vatnsnotkun með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Hitaveitan lætur húseigendum í té auka mæla, ef þess er óskað.

4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir afnot heita vatnsins og skal vera fyrir hvern mæli á mánuði:

	kr.	kr.
a) fyrir mæla til og með ³ / ₄ "	216,00	181,00
b) fyrir mæla 1"—2"	434,00	363,00
c) fyrir mæla stærrí en 2"	868,00	725,00

5. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 3. og 4. grein verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mæli-sálestur.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 127,00.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

7. gr.

Heimæðagjöld hitaveitunnar skulu vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál)	Heimæðargjald
Allt að 300 m ³	24 900,00 kr.
300— 2 000 m ³	24 900,00 kr. + 27,10 kr./m ³
2 000— 6 000 m ³	70 830,00 kr. + 22,30 kr./m ³
6 000—10 000 m ³	160 110,00 kr. + 16,50 kr./m ³
Yfir 10 000 m ³	239 470,00 kr. + 16,00 kr./m ³

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstöku mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 2 490,00 í aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

Við ákvörðun á rúmmálsstærð húsa skal miðað við fasteignaskrá og fyrir hús sem ekki eru skráð í fasteignamati, skal miðað við teikningar húsa.

8. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að tveim árum ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

9. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 425,00.

Heimilt er hitaveitunni að krefjas greiðslu þessarar áður en opnað er.

10. gr.

Heimæðargjöld samkvæmt gr. 7 eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1482 stig.

Orkugjöld og mælaleiga samkvæmt 3. og 4. gr. eru miðuð við húshitunartaxta Rafmagnsveitna ríkisins C. 1. eða samsvarandi taxa, en hann er nú 0,75 kr./kWst. óniðurgreiddur auk fastagjalds.

Heimilt er að breyta ofangreindum gjöldum í samræmi við þær breytingar sem verða á vísitölu bygginarkostnaðar eða á húshitunartaxta RARIK, enda séu breytingar staðfestar af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

Miðað við að kostnaður hitunar húsa með hitaveitu fari ekki fram úr kostnaði hitunar með rafmagni samkvæmt gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins hverju sinni.

III. KAFLI

11. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseigenda. Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld.

Fyrirætlunum um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við veitukerfi hitaveitunnar. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hafnarhrepps og sett samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1983 með tilvísun til auglýsingar nr. 34/1983 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 28. febrúar 1983.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.